

Menntaskólinn á Akureyri

Lan 103

Vorönn 2012

4. F og 4. G

Áfangalýsing og almenn markmið:

Fjallað verður um landafræðina sem fræðigrein, helstu hugtök og aðferðir. Stuttlega verður fjallað um kort og kortagerð, bauganet og tímamismun, fjarkönnun og nýtingu hennar. Mannkynið verður til skoðunar og ýmis hugtök tengd mannfjölda og búsetu verða reifuð. Fjallað verður um náttúruauðlindir jarðar, nýtingu þeirra, misskiptingu og misnotkun. Sérstaklega verður fjallað um vatn og vatnsnotkun, ýmsa orkugjafa, kosti þeirra og galla. Allt þetta verður svo sett í samhengi við íbúadreifingu jarðar. Atvinnuhættir koma eitthvað við sögu og verður sérstaklega litið til Íslands í því samhengi. Ef tími vinnst til verður fjallað um veður og loftslag og nemendum kennt að lesa úr veðurspám. Hugsanlega verður svo örstutt Evrópuumfjöllun í jólaönnunum.

Töluverð áhersla verður lögð á að nemendur geti tjáð hug sinn og taki afstöðu til ýmissa mála sem verið hafa í deigluinni síðustu árin. Af nógu er að taka í þeim efnum.

Námsgögn:

Landafræði fyrir framhaldsskóla, eftir Peter Östman o.fl. –valdir kaflar

Verkefni, kort og ýmis fjölrít frá kennara.

Veraldarvefurinn

Öll helstu gögn verða á moodle.

Helstu efnisatriði:

- A Landakort, heimurinn
- B Bauganet jarðar, varpanir, tímabelti, útreikningar
- C Fjarkönnun, loftmyndir
- D Mannkynið, fólksfjölgun, búseta
- E Vatn, öflun og nýting vatns, misskipting
- F Áveitur, ræktun, umhverfisspjöll
- G Orkugjafar, stóriðja, mengun, aðrar auðlindir
- H Iðnaður, landbúnaður, fiskveiðar, samgöngur, þjónusta
- I Veðurfræði
- J Borgvæðing
- K Evrópa, samvinna eða sundrung

Fyrirkomulag:

Tveir kennarar skipta með sér áfanganum. Einar fjallar um efni A-D en Jónas sér um afganginn. Tveir fyrstu tímar vikunnar eru í umsjá Einars. Tveir þeir næstu eru fyrirlestrartímar hjá Jónasi. Í þeim skulu nemendur fylgjast með og **mega ekki hafa tölvur uppi við**. Síðustu tveir tímar vikunnar geta nemendur nýtt sem vinnutíma. Þá geta menn unnið í þeim verkefnum sem liggja fyrir, lesið bókina eða unnið við svindlmiðagerð. Seinni hluta annarinnar munu nemendur kynna sérfræðiverkefni sín í tímum hjá Einari.

Námsmat:

- 20% Ýmis verkefni sem skilað er til kennara.
- 20% Sérfræðiverkefni. Þriggja manna hópar sjá um kynningu í eina kennslustund.
- 60% Annarpróf. Útbúa má þrjá A6 svindlmiða fyrir prófið. Skila þarf miða á ca fjögurra vikna fresti.

Með von um glimrandi gleði og gott samstarf.

einar@ma.is & jonas@ma.is